

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 305

desember 2017



We Serve

Gledileg jól

Desember 2017. Blað nr. 305
THE LION IN ICELANDIC
THE LION IN ICELANDIC
Fjöllumdæmi 109

Multiple District 109 Iceland
Opinbert málagn Lions Clubs
International, gefið út í umboði
alþjóðastjórnar Lions á tuttugu
tungumálum: Dönsku, ensku, farsí,
finnsku, flæmsku, frönsku,grísku,
hollensku, íslensku, ítölsku,
japönsku, kínversku, kóresku,
norsku, portúgölsku, spænsku,
sænsku, tælensku, tyrknesku og
þýsku.

Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í
heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109

Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201
Kópavogur er opin alla virka daga frá
kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122
e-mail / netfang: lions@lions.is
Heimasíða Lions: lions.is
Skrifstofustjóri: Kolfinna
Guðmundsdóttir



FJÖLUMDÆMISRÁÐ
FJÖLUMDÆMIS 109
Starfsárið 2017 – 2018

Fjöllumdæmisstjóri: Jón Pálmason, Lkl.
Viðarr.

Umdæmisstjóri 109A: Ellert Eggertsson,
Lkl. Hafnarfjarðar.

Umdæmisstjóri 109B: Björn
Guðmundsson, Lkl. Hængur.

Fjöllumdæmisritari: Guðmundur Helgi
Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.

Fjöllumdæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,
Lkl. Vitaðsgjafi.

Fráfarandi fjöllumdæmisstjóri: Árni B.
Hjaltason, Lkl. Njarðvíkur.

Vara fjöllumdæmisstjóri: Björg Bára
Halldórsdóttir, Lkl. Rán.

Protokol- og þingsstjóri: Kristinn
Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar
Friðriksson, Lkl. Hængur.
Kynningarstjóri: Hörður Sigurjónsson,
Lkl. Njörður.

Umhverfisstjóri: Halldór Runólfsson,
Lkl. Fjörgyn.

Ritsstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell
Cýrusson, Lkl. Búðardals.

Netstjóri: Skúli Guðmundur
Ingvarsson, Lkl. Borgarness.

GLT stjóri (menntun og leiðtoga-
þjálfun): Halldór Kristjánsson,
Lkl. Ásbirni.

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):
Jón Gröndal, Lkl. Njörður.

GMT/konur í Lions: Hrun
Hjaltadóttir, Lkl. Fold

GST stjóri: (verkefni) Pálmi
Hannesson, Lkl. Garði.

NSR-AU nefndarmaður: Hrun
Hjaltadóttir, Lkl. Fold.

Vara alþjóðaförseti Lions: Guðrún
Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik.

Lestrarátaksstjóri: Dagný S. Finnsdóttir,
Lkl. Úa.

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni
Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnar-
maður, Lkl. Mosfellsbæjar.

Hjálparsjóðsstjóri: Kristinn G.
Kristjánsson, Lkl. Hveragerðis.

Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís
Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa.

LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnar
maður: Jón Bjarni Þorsteinsson Lkl.
Mosfellsbæjar.

Afmælisnefnd Lions: Pálmi Hannesson,
Lkl. Garður

MedicAlert stjóri: Lúðvík Andreasson,
Lkl. Úy.

Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir,
Lkl. Ylfa.

Formaður Kjaransorðunefndar. Kristín
Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur
Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín
Jósefsson, Lkl. Akranesi.

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.
Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.

Skoðunarmaður (vara): Kristín
Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.

Varamdæmisstjóri 109A: Geirprúður
F. Bogadóttir, Lkl. Æsa.

Varamdæmisstjóri 109B: Sigfríð
Andradóttir, Lkl. Búðardals.

Fjöllumdæmisráð:



Jón Pálmason,
fjöllumdæmisstjóri. Jón er
félagi í Lionsklúbnum
Viðarr. Ef þú þarft að hafa
samband við hann þá er
netfang hans: jp@verkis.is



Ellert Eggertsson,
umdæmisstjóri 109 A. Ellert
er félagi í Lionsklúbbi
Hafnarfjarðar. Ef þú þarft að
hafa samband við hann þá
er netfang hans: ellert.
eggertsson@airatlanta.com



Björn Guðmundsson,
umdæmisstjóri 109 B. Björn
er félagi í Lionsklúbnum
Hæng. Ef þú þarft að hafa
samband við hann þá er
netfang hans: bjorn2505@
gmail.com

Varamdæmisstjóri
(annar) 109A: Jóhanna
Thorsteinsson, Lkl. Engey.
Varamdæmisstjóri (annar) 109B: Bragi
Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar.

Framkvæmdastjórn
Lionshreyfingarinnar 2017 – 2018:

International President: Naresh
Aggarwal Indland

Immediate Past President: Robert
„Bob“ E. Corlew USA

First Vice President: Guðrún Björt
Yngvadóttir Ísland

Second Vice President: Jung-Yul Choi
Suður Kórea

Third Vice President: Haynes
Townsend, USA

First Year Directors
Doo-Hoon Ahn

Sandro Castellana

Hastings E. Chiti

William Galligani

Thomas Gordon

Nicolás Jara Orellana

Virinder Kumar Luthra

Datuk K. Nagaratnam

Don Noland

Regina Risken

Yoshio Satoh

Patricia Vannett
Gwen White
Nicholas Xinopoulos

Second Year Directors:

Bruce Beck

Tony Benbow

K. Dhanabalan

Luiz Geraldo Matheus Figueira

Markus Flaaming

Elisabeth Haderer

Magnet Lin

Sam H. Lindsey, Jr.

N. Alan Lundgren

Joyce Middleton

Nicolin Carol Moore

Yasuhisa Nakamura

Aruna Abhey Oswal

Vijay Kumar Raju Vegesna

Elien Van Dille

Jennifer Ware

Jaepung Yoo

Upplag: 2400 eintök – Pökkun og
dreifing: Lionsklúbburinn Úa.

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Lystigardurinn á

Akureyri í vetrarbúning

Ljósmyndari: Heiðar Árnason



Ritstjórnargreinin

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur þá er þriðja tölublað þessa starfsárs komið út sem hægt er að kalla jölublað. Félagar hafa verið nokkuð duglegir að senda greinar í blaðið og er það jákvætt og vona ég svo sannarlega að það haldi áfram. Þetta er síðasta tölublaðið sem kemur út fyrir breytingar. Lionsfélagar verða ekki mikið varir við þessar breytingar nema að því undanskildu að prentuðum blöðum fækkar niður í fjögur blöð á ári í stað sex. Prufukeyrsla á smáforriti (app) hefur farið fram og kemur vel út. Smáforritið hefur þó ekki verið gefið út enn svo ekki er ljóst hvort að fyrsta blað næsta árs verður prentað eða netblað. Ég mun kynna það með tölvupósti og þá líka hvernig á að nálgast smáforritið.

Eins hefur alþjóðaskrifstofan boðað annað smáforrit þar sem lionsclubs.org (alþjóðasíðan) verður aðgengileg í smáforriti. Ég átti von á auglýsingu frá þeim í þetta blað en hún hefur ekki enn borist.

Þegar þetta er skrifað þá hefur vont vetrarveður herjað á okkur landsmenn þó misskipt sé. Það minnir okkur á að náttúruöflin geta verið grimm og valdið miklum skaða hjá okkur öllum. Á stundum sem þessum þá er gott að leiða hugann að þeim sem minna mega sín bæði vegna náttúruafllanna sem og sjúkdóma sem auðvelt er að koma í veg fyrir eins og mislinga. Nú þegar styttest í hátíð árs og friðar er ekki úr vegi að láta gott af okkur leiða til þess að aðstoða fólk í neyð bæði hér á Íslandi og eins þeim fjölda mörgu sem eiga um sárt að binda út um allan heim.

Það hefur verið hefð að í jölublaði sé skrifuð hugvekja og verður engin breyting á því nú. Það er séra Eðvarð Ingólfsson sóknarprestur á Akranesi sem skrifar hana og kann ég honum bestu þakkir fyrir.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komið hafa að útgáfu þessa blaðs og óska lionsfélögum, fjölskyldum þeirra og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Netfang Lionsblaðins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Að lifa sönn jól!

Hugvekja eftir sr. Eðvarð Ingólfsson sóknarprest á Akranesi



Hátíð ljóss og friðar færast nær! Auglýsingabæklingar streyma inn um bréfalúguna þessa dagana með mörgum gylliboðum sem gera mann, satt að segja, hálfkringlaðan. Okkur er talin trú um að jólin verði betri og við hamingjusamari ef við eignumst hina og þessa hluti!

Allar þessar auglýsingar vekja mann til umhugsunar um tilgang og gildi jóla. Um hvað

snýst hátíðin? Um það að eiga sem mest af veraldlegum tækjum og tólum, að geta kýlt út vömbina af gömsætum mat og öðru góðgæti frá morgni til kvölds? Um kyrrð og ró og andlega styrkingu?

Margir hafa trú á því að hægt sé að kaupa sér gleði og hamingju, einnig jólafögnuð og frið, sannan frið í sál. En sönn jól og sá friður sem þau færa fæst ekki gegn neinu gjaldi, þau verða aðeins þegin. Að þiggja jólin er að þiggja barnið sem þau boða og vegsama.

Við mættum líka muna að á jólum sitja ekki allir við allsnægtarborð. Í Afríku einni deyja þúsundir manna úr hungri á meðan jólahátíð okkar Vesturlandabúa stendur sem hæst. Á þeim heimilum verða hvorki gefnir farsímar né sjónvörp eða gjafakort frá flugfélögum eða líkamsræktarstöðvum! Markmið þeirra sem svelta er að lifa jólin af! Við ættum að muna eftir þessu fólki nú í jólasöfnun Hjalparstarfs kirkjunnar.

Svo eru það hinir sem ekki njóta jóla þótt þeir sitji við veisluborð, til dæmis þeir sem eiga við veikindi og erfiðleika ýmiskonar að etja –

eða hafa misst ástvini sem þeir sakna sárt og skilja eftir sig mikið tómarúm. Við skulum líka hugsa til þess hóps.

Við, sem erum kristin, eigum að vera öðru fólki bænheyrsla Guðs. Við eigum að lána honum hendur okkar og fætur, huga okkar og sál, til góðra verka. Við eigum að færa öðrum þá birtu sem Guð hefur veitt inn í þennan heim, við eigum að leitast við að gleðja aðra, ekki aðeins með hóflegum gjöfum á jólum, heldur einnig með orðum og verkum alla daga. "Það sem þið gerið mínum minnsta bróður, það gerið þið mér," sagði Jesús Kristur sjálfur.

Kæri lesandi: Hlustaðu eftir konunginum sem senn kemur! Taktu honum fagnandi, opnaðu hjarta þitt fyrir honum, leyfðu honum að hafa áhrif á hugarfar þitt og breytni, og sjá: Jólin munu þá færa þér sannan frið, sálarfrið, og þú munt líta lífið bjartari augum en áður því að Guð hefur vitjað þín og þú hefur þegið þá vitjun – og sú staðreynd mun gefa lífi þínu nýjan tilgang.

Guð gefi okkur öllum gleðileg jól!

Umdæmisstjóri 109A

Ellert Eggertsson

Umdæmisstjóri 109A



Ágæta Lionsfólk Nú styttest í að starfsárið okkar sé hálfnað og tíminn er ótrúlega fljótur að líða þegar starfið er gefandi og skemmtilegt. Daginn tekinn að stytta og líða tekur að jólum. Að venju fer mestur tími okkar umdæmisstjóranna í að

heimsækja klúbbana og reynnum við að ljúka sem flestum heimsóknum okkar fyrir jólafund klúbbana. Fjáraflanir og starf flestra klúbbana er komið í hefðbundinn gir og nokkrir klúbbar nú þegar afhent styrki til þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu.

Við í umdæmisstjórninni höfum haldið 2 fundi það sem af er starfsárinu og auk þess héldum við 2 formannafundi, sá fyrri í Lionsheimilinu Hlíðasmára 14 og hinn á Akureyri. Á fundunum kynnti Björn umdæmisstjóri í 109B markmiðin okkar og ég kynnti nýju starfslýsingar svokallaðs framkvæmdarteymi klúbbana, Global Action Team. Fundirnir voru vel sóttir og voru yfir 40 manns á fundinum í Lionsheimilinu og fannst mér að báðir fundirnir hefðu heppnast vel.

Sykursýki er ein af kjarnaverkefnum Lionshreyfingarinnar og af því tilefni fengum við Rafn Benediktsson yfirlæknir innkirtla sjúkdóma LSH til að koma á Fjölmæmisfundinn 11. nóvember s.l. og kynna okkur stöðuna á Íslandi. Staðan er síst betri á Íslandi heldur enn í nágretta löndunum og helstu



ástæður fyrir sykursýki tegund tvö, er offita, hreyfingarleysi og ofneysla.

Sykursýkin er stærsti orsakavaldur að hjarta og æðarsjúkdómum, blindu, nýrnabilun og allt að 40% af aflimunum sem framkvæmdar eru á Landspítalanum tengjast sykursýki. Offita og fylgikvillar hennar á borð við sykursýki hefur verið kölluð stærsta heilsufarsógn nútímans og sjúkdómur 21. aldarinnar.

Nóvember er sykursýkis mánuður og taka flestir klúbbar þátt í blóðsykursmælingum. Í fyrra voru mældir um 5000 manns og fer fjölgandi frá ári til árs. Forvarnir eru eitt öflugasta tækið til að sporna við sykursýkinni og finnst mér rétt að velta upp spurningunni hvort Lionshreyfingin á Íslandi ætti ekki að taka meiri þátt í forvarnarstörfum til að sporna við sykursýkinni, því eins og Rafn sagði, þá megum við búast við faraldri af sykursýki tegund tvö á næstu árum.

Ég óska öllum Lionsfélögum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Skilafrestur á efni í næsta blað er 1. febrúar

Umdæmisstjóri 109B

Björn Guðmundsson

Varaumdæmisstjóri 109B



Af heimsóknum

Eitt er það sem fylgir því að starfa sem umdæmisstjóri en það eru heimsóknir í Lionsklúbba. Vegna landfræðilegrar legu umdæmisins er oft um langan veg að fara. Heimsóknardagurinn er þá gjarnan þannig að maður vinnur fram á miðjan dag, stelst þá úr vinnunni og leggur í hann. Fundirnir byrja oftast á milli 19 og 20 og eftir fundinn tekur síðan við heimferð en í lengstu túrunum leggst maður á koddann á milli 1 og 2 að nóttu. Sem betur fer hefur haustið verið milt þannig að veður og færð hafa verið með besta móti og allt gengið að óskum. Ég hef hitt lögregluþjón úr Skagafirði oftast en ég kæri mig um í haust en hef gert ráðstafanir til þess að fundir okkar verði ekki fleiri, ég legg fyrir af stað og keyri hæggar.

Lionsklúbbar-hornsteinar í héraði

Það er stundum sagt að Lions sé best geymda leyndarmál landsins. Það er sérstaklega gaman að koma í klúbbana vegna þess að þeir eru ólíkir innbyrðis, hafa hver sína siði og venjur -en í langflestum þeirra er tilgangurinn að styrkja nærsamfélagið. Það er gert á mismunandi hátt, margir klúbbanna hafa góð þjónustuverkefni t.d. við eldri borgara, fatlaða, börn og svo framvegis. Klúbbarnir hafa einnig góð fjáröflunarverkefni þar sem afakstrinum er veitt til nærsamfélagsins. Ég ætla ekki að telja upp öll verkefni, en þau eru fjölbreytt og Lionsfélagar hafa verið mjög hugmyndaþekkir í öflun fjár.

Þar sem gengur best

Auðvitað kynnist maður ekki klúbbunum á þessum fundum en maður fær ákveðna tilfinningu, það eru allir með sparisvipinn þegar umdæmisstjórinn mætir á svæðið. Þegar best tekst til nær maður að vekja félagana til umhugsunar um grunnhugsjón Lions um samhjálp og samvinnu. Við verðum að leggja áherslu á þau atriði vegna þess að annars verður starfið innihaldslaust - við verðum að hafa tilgang. Þeir klúbbar sem eru best settir hafa á að skipa félögum á breiðu aldursbili, skemmtilegum og líflegum fundum, góðum þjónustu- og fjáröflunarverkefnum. Í þeim klúbbum blómstrar vináttan og starfið er öflugt.

Fækkun-fjölgun

Í upphafi Lionsársins voru 920 félagar í umdæminu, um síðustu mánaðarmót voru 899 félagar. Það er viðbúið að fleiri fari út í upphafi

starfsársins og síðan taka klúbbarnir inn féлага þegar líður á árið. Ég vona að við hjálpumst öll að við að ná í nýja féлага og felum þeim ábyrgð. Leyfum nýjum félögum að blómstra og felum þeim verkefni við hæfi. Það eru alls staðar sóknarfæri við þurfum bara að vinna markvisst í hlutunum, ekki að ætla okkur of mikið þá springum við á limminu. Spyrjum okkur hvar við viljum sjá klúbbinn okkar eftir skilgreindan tíma og setjum okkur markmið til þess að ná þeim.

2000 börnum bjargað

Ég hef í heimsóknum mínum látið ganga pyngju og beðið Lionsfélaga að setja smámynt-eitthvað sem þá munar ekki um, í hana. Afaksturinn fer síðan inn á reikning Alþjóðahjálparsjóðsins merkt viðkomandi klúbba og mislingaátaki hreyfingarinnar. Nú þegar er skrifað er komið meira en kr. 100.000 sem þýðir að samstarfsaðilar hjálparsjóðsins leggja jafna fjárhæð á móti. Hver skammtur af ónæmislyfi gegn mislingum kostar um kr. 100. Þessi fjárhæð ásamt mótframlaginu dugar þá til þess að gefa 2.000 börnum von um betra líf, þessar ferðir verða þá allavega til einhvers góðs!

Að lokum

Það eru forréttindi að fá að heimsækja klúbbana. Við verðum saman að standa vörð um starf þeirra því oft er unnið að verkefnum sem aðrir munu ekki sinna, Lionsklúbbar eru nauðsynlegir. Snúum bókum saman og eflum starfið um land allt.

Minning + Hallfríður Magnúsdóttir



Enn hefur verið höggvið skarð í raðir okkar Asparkvænna.

Hallfríður Magnúsdóttir ein af stofnfélögum klúbbsins okkar lést þann 26. maí, 78 ára að aldri. Hún var annar stofnfélagi í Lionsklúbbum Ösp sem lést á síðasta starfsári. Er það ansi stórt högg fyrir svo lítið samfélag sem klúbburinn okkar er. Hallfríður var fædd 6. mars 1939 á Akureyri þar sem hún bjó og starfði alla tíð. Hún var mikill lionsfélagi og fór að starfa fyrir Lionshreyfinguna í félagsskap

eiginkvænna Huginsmanna árið 1974, sem síðar varð Lionessklúbburinn Ösp og frá 1994 Lionsklúbbur með öllum þeim

skyldum og skemmtilegheitum sem sú hreyfing hefur uppá að bjóða. Haddý eins og hún var ætíð kölluð gegndi öllum embættum stjórnar innan klúbbsins auk formennsku nefnda og var dugleg og hjálpsöm í öllu sem hún tók sér fyrir hendur.

Haddý var menningarvitinn okkar lumaði oft á góðum jólasögum, ljóðum, fróðleik og öðru skemmtiefni og var óspör á að miðla okkur af þekkingu sinni. Fyrir störf sín í klúbbnum okkar var Hallfríði veitt æðsta viðurkenning Lionshreyfingarinnar Melvoin Jones starfsárið 2008-2009 og var hún vel að því komin.

Við vottum eiginnmanni Haddýjar, Arnari Daníelssyni, börnum og fjölskyldum þeirra innilegrar samúðar.

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Aspar,
María Ingadóttir, formaður

Lions styrkir Dropann – félag foreldra barna með sykursýki

Jón Pálmason

Fjölumdæmisstjóri



Ingrid Örk Kjartansdóttir höfundur bókarinnar og móðir Bergsteins sem er með sykursýki, Jón Páll Gestsson formaður Dropans og Jón Pálmason fjölumdæmisstjóri

14. nóvember síðastliðinn afhenti fjölumdæmisstjóri styrk að upphæð 500 þúsund krónur vegna útgáfu bókar sem Dropinn styrktarfélag barna með sykursýki hefur gefið út og fékk fjölumdæmisstjóri fyrsta eintak bókarinnar. Styrkurinn var afhentur á styrktar-tónleikum Dropans í Seljakirkju, en félagið rekur sumarbúið fyrir sykursjúk börn.

Bókin er ætluð börnum sem greinst hafa



með sykursýki og skýrir hún út einkenni þeirra og vandamál með því að fylgja ungum dreng sem nýlega er greindur. Bókinni er ætlað að aðstoða börnin í að lifa eðlilegu lífi með sykursýki en þó þannig að þau séu meðvituð um þær hættur sem sjúkdómnum fylgir.

Sykursýki er eitt af meginverkefnum Lions og á því vel við að við styrkjum þetta verkefni sem einnig er til stuðnings við börn. Fjölum-

dæmið hefur lagt út fyrir þessum styrk en við vonum að klúbbarnir komi inn í verkefnið og yfirtaki það. Sendur hefur verið dreifipóstur til stjórna klúbbana og við vonumst eftir góðum viðbrögðum.



Lionsklúbburinn Ylfa Akureyri



Lionsklúbburinn Ylfa Akureyri er nú að hefja sítt sjötta starfsár. Haustið 2014 byrjaði klúbburinn á því verkefni að aðstoða börn af erlendum uppruna við lestur. Þar sem að okkur fannst ekki nóg þátttaka ákvað klúbburinn að bjóða líka upp á aðstoð fyrir fullorðna af erlendum uppruna. Sí. tvö ár hefur það verkefni

blómstrað. Ylfur fengu aðstoðu á Amtsbókasafninu á Akureyri, án endurgjalds, þannig að á hverjum þriðjudegi milli klukkan hálf fimm og hálf sex kemur til okkar fólk af ýmsu þjóðerni sem vill læra íslensku. Verkefnið stendur frá september til maí. Venjulega eru 5 – 6 Ylfur til aðstoðar og er fólkinu oft skipt upp í hópa eftir

þjóðerni. Verkefnið er afar skemmtilegt og gefandi. Persónuleg tengsl hafa myndast og þekking Ylfanna á mismunandi menningarheimum hefur aukist.

Gerður Jónsdóttir lestrarfulltrúi Lkl. Ylfa Akureyri

Hljómar frá hjartanu

Alþjóðleg söngvakeppni Lions fyrir blinda

Guðrún Björt Yngvadóttir

1. vara alþjóðaforseti Lions



Söngvakeppni Lions

Alþjóðleg söngvakeppni Lions fyrir blinda „Hljómar frá hjartanu“ er haldin í Kraká í Pólland í nóvember annað hvert ár. Keppnin er nú haldin í þriðja sinn, og er ætluð blindu og sjónskertu tónlistarfólki. Markmið með keppninni er að auka skilning á stöðu blindra og sjónskertra, í samræmi við markmið Lions um sjónvernd. Tilgangurinn er að gefa blindum og sjónskertum nýjan vettvang til að koma list sinni á framfæri og skapa þeim ný tækifæri.

37 söngvarar

Lionsklúbburinn Perlan í Reykjavík hefur stutt keppendur í fyrri tvö skiptin og ákvað núna að senda hinn 17 ára hæfileikaríka tónlistarmann, tónskáld og sundkappa, Mára Gunnarsson. Hann var einn af 37 söngvurum frá 14 löndum, þremur heimsálfum, þ.e. frá Belgíu, Frakklandi, Gambíu, Gana, Georgíu, Hollandi, Íslandi, Ítalíu, Marokkó, Mexíkó, Póllandi, Rúmeníu, Slóvakíu og Tékklandi.



Mára Gunnarsson í Kraká og stuðningsliðið frá vinstri: Gunnar Már Mátsson (pabbi), Guðrún Björt (Lions), Nói Gunnarsson (bróðir), Mára sjálfur, Jón Bjarni (Lions) Lína Rut Wilberg (mamma).




Glæsilegt leikhús

Undankeppni fór fram í Útvarpshúsinu í Kraká, þar sem allt var tekið upp og verður gefið út. Aðalkeppnin fór fram í hinu glæsilega, "Slowacki Theatre" í Kraká, sem er eitt fegursta leikhús í Evrópu.

Dómnefnd skipuðu Robert Kabara frá Póllandi, sem var formaður nefndarinnar, Marco D'Ippoliti Simeoni frá Ítalíu og Sean Olohan frá Írlandi.

We are the winners

Átján manna hjómsveit lék undir, var hún skipuð 15 manna strengjasveit frá Sinfoiettu Kraká, ásamt þremur poppurum, sem léku á hljómborð, gítar og trommur. Tónlistarflutningur var mjög vandaður og fagmannlega staðið að öllu. Sinfoietta Cracovia hefur fengið fjölda viðurkenninga og hefur leikið í helstu tónleikahúsum heims, allt frá New York til Japans, frá St. Pétursborg til Istanbúl og Sameinuðu arabísku furstadæminu. Eitt af skemmtilegum atriðum kvöldsins var sam-söngur allra keppenda „Við erum sigurvegarar“.



Íslensk stjarna

Tónlistaratriðin voru 26, einsöngvarar, dúettar og einn lítill sönghópur. Við vorum mjög glöð og stolt, þegar Mára komst í úrslit og við gátum hlustað á hann syngja og leika í lokakeppninni í Krakárleikhúsinu. Mára hlaut þriðja sætið með lagi sínu "In the stars" og vorum við gríðarlega stolt af honum. Hann átti hug og hjörtu allra, með sinni glæsilegu frammistöðu og fallegu framkomu. Keppnin hefur aldrei verið stærrí og sterkari. Mjög margir góðir keppendur og mjög mikil samkeppni.




Sounds from the Heart

1st Lions World Song Festival for the Blind



Sigurvegarar

1. verðlaun Przemyslaw Cackowski frá Póllandi
2. verðlaun Francisco Rodriguez Ortega frá Mexíkó
3. verðlaun Mára Gunnarsson frá Íslandi.



Fjölmiðlaathygli

Árangur Íslands vekur alltaf athygli erlendis. Fréttamiðlar í Póllandi tóku viðtöl við nokkra keppendur og Lionsfélaga. Þeir röktu úr Mára garninnar, meðal annars um tónlist hans og sundaáhuga. Við mig ræddu þeir aðallega um Lions og Ísland, og hvernig það væri að vera fyrsta konan í embætti alþjóðaforseta.

Aðstandendur keppinnar

Allir fjórir Lionsklúbbarnir í Kraká standa að keppninni, með stuðningi Lionsumdæmis Póllands, þ.e. Lionsklúbbarnir Kraków Stare Miasto, Kraków Bona Sforza, Kraków ródmie cie, Kraków Sta czyk.





Á myndinni eru fulltrúar klúbbanna í Kraká í fullum herskrúða, umdæmisstjórinn Maria Sterczewska, fyrrverandi umdæmisstjóri Pawel Cieśliński, ásamt undirritaðri (í miðjunni).

Næst 2019

Fyrsta keppnin var haldin 18.-20. nóv. 2013. Þá keppti Haraldur Gunnarsson og fékk gríðarlega góðar viðtökur og fékk sérstök heiðursverðlaun borgarstjórans í Kraká. Fyrstu verðlaun fékk Gražvydas Sidiniauskas frá Litháen.

Næst var keppnin haldin 12-14. nóvember 2015 og þá keppti Hlynur Þór Agnarsson. Hann náði frábærum árangri, en hann hlaut annað sætið. Fyrstu verðlaun það ár fékk Szilvia Agardi frá Ungverjalandi.

Þriðja keppni var svo haldin 2.-4. nóvember 2017, þar sem Már Gunnarsson stóð sig

einstaklega vel og lenti í þriðja sæti. Sigurvegari í ár var Przemyslaw Cackowski frá Póllandi.

Næsta skipti, fjórða keppnin verður haldin 14.-16. nóvember 2019. Við stefnum að þátttöku og góðum árangri eins og alltaf.



Í samræmi við starfsreglur og lög Fjöllumdæmis 109 vill Umdæmisstjóraráð koma eftirfarandi á framfæri til allra Lionsfélaga

Fjöllumdæmis og umdæmisþing það 63. verða haldin í Reykjanesbæ dagana 20. og 21. apríl 2018.

Framboð til embætta og tillögur skal taka fyrir á fjöllumdæmis- og umdæmisþingum 2018

Frestur til að skila inn tillögum um breytingar á lögum og um mál sem leggja á fyrir þingin er samkvæmt 27. gr. laga fjöllumdæmis 109 og í þeirri grein segir:

1) Mál og / eða tillögur sem klúbbur og/eða klúbbar óska eftir að séu rædd á umdæmisþingi / fjöllumdæmisþingi, skulu pósthleggjast umdæmisstjóra / fjöllumdæmisstjóra eigi síðar en 45 dögum fyrir umdæmisþing / fjöllumdæmisþing.

(Síðasti skiladagur fyrir 63. Lionsþing er því 7. mars 2018.) Umdæmisstjóraráð / Umdæmisstjórnir fjalla um slíkar tillögur og gefa þeim álit.

2) Tillögur um framboð til embætta umdæmisstjóra, fyrsta og annars varaumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2018 – 2019 skal senda kjörnefndum fyrir 15. febrúar 2018. Kjörgengi til embættis umdæmisstjóra hefur fyrsti varaumdæmisstjóri, kjörgengi til embættis fyrsta varaumdæmisstjóra hefur annar varaumdæmisstjóri.

Um kjörgengi til embættis annars varaumdæmisstjóra segir í 36. gr. laga Fjöllumdæmis 109: Sá einstaklingur skal vera:

- a) Starfandi Lionsfélagi og hafa staðið í skilum við klúbb sinn, enda sé klúbburinn einnig skuldlaus við Alþjóðasambandið og fjöllumdæmi 109.
- b) Hafa tryggt sér stuðning síns klúbbs eða meiri hluta klúbba síns umdæmis.
- c) Hafa lokið eða verið að ljúka embætti sem formaður Lionsklúbbs og hafa setið í stjórn Lionsklúbbs í a.m.k. tvö önnur ár.
- d) Hafa lokið eða verið að ljúka embætti (svæðisstjóri, gjaldkeri/ritari) í umdæmisstjórn.
- e) Ekki má gegna ofangreindum embættum (c og d) samtímis nema til komi undanþága frá Alþjóðastjórn.

3) Tillögur um framboð til embættis fjöllumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2018 – 2019 og embættis vara fjöllumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2018 – 2019 skal senda fjöllumdæmisritara fyrir 15. febrúar 2018. Þeir einir eru kjörgengir til embættis fjöllumdæmisstjóra sem hafa gegnt embætti vara fjöllumdæmisstjóra og til embættis vara fjöllumdæmisstjóra sem gengt hafa embætti umdæmisstjóra.

4) Á umdæmis- og fjöllumdæmisþingum í Reykjanesbæ verður:

- a) Kosið í embætti umdæmisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2018 – 2019.
 - b) Kosið í embætti fyrsta og annars varaumdæmisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2018 – 2019.
 - c) Kosið í embætti fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2018 – 2019.
 - d) Kosið í embætti vara fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2018 – 2019.
- Einnig þarf að kjósa eða skipa í eftirtalin embætti umdæmisstjóraráðs með framboðsfresti til 15. febrúar 2018:**
- e) Alþjóðasamskiptastjóri 2018 – 2020
 - f) Kynningarstjóri 2018 – 2020
 - g) Medic Alert stjóri 2018 - 2021
 - h) NSR AU nefnd til 5 ára 2018 - 2023

Embætti sem þarf að kjósa um á fjöllumdæmisþingi en falla ekki undir framboðsfrest:

- i) Fjöllumdæmisritari til eins árs,
- j) Fjöllumdæmisgjaldkeri til eins árs,
- k) Tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara til eins árs.

Embætti í liðum 4e – 4k eru án skilyrða og opin öllum áhugasömum Lionsfélögum.

Reykjavík 23.nóvember 2017

Jón Pálmason, Fjöllumdæmisstjóri 2017 – 2018

Ellert Eggertsson Umdæmisstjóri 109 A 2017 – 2018

Björn Guðmundsson Umdæmisstjóri 109 B 2017 - 2018

„Margt smátt ...“

Geirprúður Fanney Bogadóttir

1. varaumdæmisstjóri 109A



Kæru Lionsfélagar
Í starfi mínu sem varaumdæmisstjóri, nýt ég þeirra forréttinda að fá að heimsækja Lionsklúbba víðsvegar í umdæminu. Mig skortir orð til að lýsa aðdáun minni á því geysimikla starfi sem Lionsfélagar vinna, en það snertir mig ekki síður að finna mikla samkennd og sterka vináttu í klúbbunum. Sá félagslegi þáttur er ómetanlegur, ekki síst í sjálfböðastarfi. Flestir hafa þörf fyrir að láta gott af sér leiða og það er ljúft að geta sinnt þeirri þörf í góðra vina hópi.

Það er vart hægt að ímynda sér raunvirði þeirra starfa sem unnin eru í sjálfböðavinnu í samfélaginu, en Lions hefur sett sér það markmið að hreyfingin leggi lið eða hafi áhrif á líf 200 milljóna manna á ári hverju fram til 2020 og jafnframt að fjölga félögum í 1,7

milljónir á sama tíma. Til þess að við Lionsfélagar getum fylgst með hvernig okkur miðar í þá átt að ná þessum markmiðum, er gott að hafa í huga að „margt smátt gerir eitt stórt“ og því mikilvægt að allir klúbbar skrái verkefni sín jafnóðum inn á alþjóðavef Lions og sinni félagaskráningu mánaðarlega.

„Allir geta eitthvað en enginn getur allt“ eru orð að sönnu. Ef eitthvað vefst fyrir stjórnarmönnum varðandi skráningu, t.d. tækni eða tungumál, þá er einfalt að leita eftir aðstoð hjá öðrum klúbbfélögum eða á skrifstofu Lions.

Við getum gert betur í þessum málum og ég skora á stjórnir klúbba að halda vel utan um þessi mikilvægu atriði.

Með lionskveðju.

Engeyjarfréttir



Ferðalög hafa jafnan verið fastur og vinsæll liður í félagsstarfi Lionsklúbbsins Engeyjar. Víða hefur verið farið, bæði innanlands og utan, og oft koma jafnvel fram hugmyndir um nýja áfangastaði strax í byrjun starfsárs. Síðastliðið vor lauk starfsárinu með vel heppnaðri ferð um Reykjanesið og strax er farið að ræða hugsanlega ferð til Dublinar á vormánuðum 2018.

Í haust hófst nýtt starfsár með fullum krafti. Haldnir eru að venju mánaðarlegir fundir en fundarstaður í vetur verður ágætur salur tilheyrandi Kringlukránni. Undantekning gildir þó um jólafundinn sem er að venju haldinn á heimili klúbbfélaga. Á fundi til okkar fáum við gjarnan góða gesti og á nóvemberfundi var gestur okkar Ellert B. Schram, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, sem fræddi okkur um starfsemi félagsins og vék að stöðu eldri borgara í samfélaginu.

Fyrir utan mánaðarlega fundi er gert ráð fyrir annarri samveru félaga. Í haust var t.d. farið í Háskólabíó og horft á íslensku myndina „Undir trénu“. Þá er líkt og undanfarna vetur í gangi verkefni sem mætti kalla „samprjón Engeyjarkvænna“ flesta mánudaga í Lionsheimilinu. Markmiðið með verkefninu er að leggja lið í anda Lionshreyfingarinnar. Jafnframt eflir samveran við prjónaskapinn félagsandann í klúbbnum. Komíð hefur í ljós að víða er þörf.

Í upphafi var prjónaður og heklaður hlýr fatnaður fyrir börn á dagheimili í fátækrahverfi í Kimberley í Suður-Afríku. Síðan hefur verið hugað að þörfinni innanlands og m.a. heklaður og prjónaður fatnaður bæði fyrir Rauða krossinn og Hjálparstofnun kirkjunnar.


Fimmtudaginn 16. nóvember gekkst klúbburinn fyrir sykursýkismælingu í göngugötunni í Mjódd. Hjúkrunarfræðingar sem eru félagar í klúbbnum önnuðust mælinguna. Á sama tíma var þar basar til stuðnings líknarsjóði klúbbsins og þá sérstaklega hinna afar mikilvægu herferð Alþjóðahjálparsjóðs Lions gegn mislingum. Á basarnum voru til sölu kökur og brauð úr eldhúsum Engeyjarkvænna en jafnframt var þar á boðstólum ýmiss konar jólahandverk. Allir félagar lögðu sitt að mörkum til þess að vel tækist til. Góð aðsókn var að basarnum og ánægja með afkrastur hans.

Árlegur jólafundur Engeyjar verður haldinn þann 8. desember en síðan verður hlé á starfseminni fram yfir áramót en þá verður þráðurinn tekinn upp að nýju í leik og starfi. Í Lionsklúbbnum Engey ríkir góður starfs- og félagsandi. Það er því full ástæða til bjartsýni með framtíðina.

F.h. Lionsklúbbsins Engeyjar
Guðný Björnsdóttir.



Vorferð Engeyjarkvænna.



Ellert B. Schram gestur nóvemberfundar.



Basar til styrktar herferð gegn mislingum.

Munum alþjóðarhjálparsjóðinn LCIF

Lionsklúbbarnir í Skagafirði gefa skynörvunarherbergi



Sveinn Sværnisson sjúkraþjálfari og Lionsmaður og Jónína G. Gunnarsdóttir iðjuþjálfari og forstöðumaður Iðju.



Magnús Svavarsson afhendir Ástu Pálmadóttur sveitarstjóra Söf. Skagafjarðar herbergið að gjöf. Einnig er með myndinni Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir framkvæmdarstjóri málefna fatlaðs fólks.

Í tilefni 100 ára afmælis Alþjóðahreyfingar Lions ákváðu Lionsklúbbarnir í fjórum í Skagafirði, Lionsklúbburinn Björk, Lionsklúbburinn Höfði, Lionsklúbbur Sauðárkróks og Lionsklúbbur Skagafjarðar, að taka höndum saman og vinna í sameiningu að einu veglegu verkefni í þágu samfélagsins. Fljótlega kom upp sú hugmynd að styðja við Iðju hæfingu sem er dagþjónusta fyrir fatlaða á Sauðárkróki. Grenslast var fyrir um hvað kæmi að bestum notum fyrir starfseminu og niðurstaðan varð sú að það væri búnaður í svokallað skynörvunarherbergi sem bæta mundi þjónustuna til muna.

Við opnun Iðju í nýjum húsakynnum þann 28. apríl 2016 var Sveitarfélaginu Skagafirði afhent gjafabréf þess efnis að Lionsklúbbarnir í firðinum hygðust gefa Iðjuni búnað í slíkt herbergi og yrði það afhent fullbúið á afmælisárinu, 2017. Með gjafabréfinu fylgdi fartölva og skjávarpi sem markaði upphaf verkefnisins.

Nú fór í hönd mikil vinna og stíf fundahöld. Fagfólk í Iðju aðstoðaði klúbbana við að panta hentugasta og besta búnaðinn sem vól var á og á sem hagkvæmastan hátt. Strax var ljóst að hér væri um að ræða það kostnaðarsamt verkefni að ráðast yrði í mikla fjáröflun til þess að standa straum af því. Ákveðið var að standa sameiginlega að stórrí söfnun og haldið var Kótelettukvöld í Íþróttahúsinu á Sauðárkróki þann 29. apríl 2017. Leitað var eftir styrkjum frá fyrirtækjum, stofnunum og almenningi sem brugðust vel við og einnig lögðu margir skemmtikraftar málefninu lið. Úr varð hin besta skemmtun þar sem mikill fjöldi fólks kom saman auk þess sem opnaður var styrktarreikningur svo allir sem það vildu gætu lagt sitt af mörkum til verkefnisins. Heildarkostnaður með búnaðinum uppkomnum er um 4 milljónir.

Það var svo þann 3. nóvember sl. sem herbergið var afhent formlega við hátíðlega athöfn í Iðju. Það var Magnús Svavarsson, fráfarandi



Hluti gesta við opnunina.

formaður Lionsklúbbs Sauðárkróks, sem afhenti Ástu Pálmadóttur, sveitarstjóra, gjafabréf fyrir herberginu ásamt árituðum skildi sem komið var fyrir við dyr herbergisins. Að því loknu opnuðu Bragi Haraldsson og Ásgrímur Sigurbjörnsson herbergið formlega með því að klippa á borða. Lionsklúbbarnir buðu viðstöddum upp á veitingar og öllum gafst kostur á að skoða herbergið og jafnvel að prófa að leggja sig í rúminu sem er sérútbúið til að örva skynfæri eða veita slökun.

Starfsfólk Iðju var að vonum hæstanægt með gjöfina, en með tilkomu herbergisins er stígið stórt framfaraskref í þjálfun þeirra sem nota þurfa þjónustu sem þessa og þeirra sem vinna við hana.

Hér er sannarlega um stórhuga verkefni að ræða sem Lionsklúbbarnir fjórir í Skagafirði geta verið ákaflega stoltir af.

Að nota 6 þrepa kenninguna í klúbbstarfinu

Sérhver góður Lionsklúbbur hefur 6 grunn-einkenni. Því stærri sem þessir þættir eru í starfi klúbbsins, því sterkari verður klúbburinn. Þannig verður starfið árangursríkt og félögum fjölgar. Sú ábyrgð er lögð á herðar félagafulltrúa og formanns að þekkja þessi 6 þrep mjög vel. Með því að skilja hvernig þau vinna saman og fræða nýja og eldri félagana um þau, fá allir Lionsfélagar þann innblástur sem þeir þurfa til að vera virkir í störfum klúbbsins.

Þrepi 6 eru:

- Meiriháttar þjónustuverkefni, sem allir félagar taka þátt í.
- Góð fjáröflun, þar sem allir á þjónustusvæði klúbbsins geta látið eitthvað af hendi rakna.
- Sterk og öflug almannatengsl, sem stöðugt tengja saman klúbbfélaga og almenning.
- Vel skipulagðir klúbbfundir sem eru frjófir, fræðandi og skemmtilegir.
- Góður félagsandi. Skapa þarf ástand þar sem

félagar eru virkir og upplifa sig sem félagana í samtökum sem sannarlega vinna öflugt líknaðstarf.

Öflug og vel skipulögð áætlun um fjölgun og halda í félagana

Séu þessi 6 atriði virk í klúbbnum verða þau sú besta auglýsing sem klúbburinn getur fengið gagnvart nýjum hugsanlegum félögum.

Lionsklúbbur Selfoss



Gestir og félagar á kótilettukvöldinu.



Borð, bekkir og kollar tilbúnir í Hellisskógi.



Félagar duglegir við vinnu í Hellisskógi.



Jón V. Albertsson meðmælandi Lúðvíks Þórs Kaabers og Páll Halldórsson sem Alex Ægisson var meðmælandi fyrir.



Guðmundur Guðmundsson tv og Gunnar Einarsson th og á milli þeirra viðtakendur styrkveitinga.



Hópurinn stillti sér upp fyrir myndatöku eftir vinnudag í Hellisskógi.

Starfsemi Lionsklúbbs Selfoss á síðasta ári var bæði fjölbreytt og kröftug. Félagar í dag eru 35 en á haustdögum sáum við á eftir góðum félagu Guðna Andreassen og er hans sárt saknað. Við vorum þó heppnir þegar tveir nýir félagar bættust í okkar raðir þegar Páll Halldórsson og Lúðvík Þór Kaaber gengu í klúbbinn. Haldnir eru félagsfundir á hálfmánaðar fresti frá því í september og fram í maí. Á félagsfundunum er starfsemin rædd oft fengnir gestafyrirlesarar með fræðsluerindi og fyrirtæki á svæðinu heim-sótt og fengin kynning um starfsemi þeirra. Helstu fjárfslunarverkefni, útgáfa jólablaðs og kótilettukvöld gengu mjög vel og rúmlega 1,5 milljón króna veitt í góðgerðar- líknarmál og samfélagsverkefni.

Klúbburinn hefur tekið Facebókina í þjónustu sína en á lokaðri síðu sem klúbbmeðlimir hafa aðgang að eru allar upplýsingar um starfsemina, tilkynningar og fundarboð ásamt myndum úr starfseminni. Við höldum einnig úti opinberri og opinni Facebook síðu þar sem almenningur getur fylgst með því sem við erum að gera og séð hvernig við látum gott af okkur leiða. Það er bæði gaman og gefandi að taka þátt í starfsemi klúbbsins um leið og maður ræktar tengsl og vináttu við félagana.

Af verkefnum sem klúbburinn stóð fyrir var m.a. að halda áfram að vinna að því að gera gróðurreitinn sem klúbburinn hefur til umráða í Hellisskógi aðgengilegan fyrir gesti og gangandi. Félagar smíðuðu borð og bekkir úr efni sem Skógræktarfélag Árnessýslu lagði til. Haldnir voru vinnufundir með vorinu þar sem



Lionsklúbbur Selfoss og Lionsklúbburinn Emla gáfu upphífgingartæki og bekk við Ölfusá.



Sveinn Sigurmundsson formaður að steikja kótilettur fyrir kótilettukvöldið.



Menn á fullu við að steikja kótilettur.

m.a. fjörusandur var keyrður í lautir og sinan slegin og rökuð. Áður var innkeyrslan löguð og fluttur steinar úr Þórustaðanámu sem eiga að bera keðju sem þarf að vera á veginum til að loka fyrir óþarfa umferð inn á svæðið. Í september stóð svo klúbburinn fyrir vel heppnaðri fjölskyldugrillveislu í skóginum sem heppnaðist vel.

Vegna 100 ára afmælis lionshreyfingarinnar

stóðu lionsklúbbarnir á Selfossi fyrir umhverfisverkefni á bökkum Ölfusár, rétt vestan við hús Björgunarsveitarinnar. Nokkur kvöld unnu félagar við að reisa upphífgingarslár, helluleggja plan sem steypur bekkur og blómaker voru sett á og snyrta umhverfið. Í lok framkvæmda var síðan haldin 70 manna grillveisla. Vel að verki staðið og klúbbunum til sóma.

Alex Ægisson

Lionsklúbburinn Geysir í Biskupstungum

Klúbburinn var stofnaður árið 1984 og er því 33 ára um þessar mundir. Hann hefur alla tíð verið mjög virkur og lagt margt gott til samfélagsins. Helstu verkefni klúbbsins eru: gróðursetning í afmarkaðan uppgræðslureit á afréttinum, tilfallandi fjáraflanir, þar sem félagar hafa tekið að sér hin ýmsu verkefni fyrir sveitarfélagið og einstaklinga, hreinsun með þjóðvegum sem Vegagerðin styrkir, blóðsykursmælingar sem núna fóru fram 25. nóvember og var þátttaka mjög góð, útgáfa símaskrár fyrir svæðið og síðast en ekki síst Villimannakvöldið sem ávallt er haldið á Þorraþræl. Þar koma saman 150 – 200 karlar og hoga sér eins og sannkallaðir villimenn, eta hrossakjöt, syngja og gleðjast saman. Þessi skemmtun hefur fest sig rækilega í sessi og er kjölfestan í fjáröflun klúbbsins.

Félagar í klúbbum eru 32 og fer hægt en örugglega fjölgandi.

Fundað er tvisvar í mánuði og lögð rík áhersla á innra starfið, hafa ánægju af því að koma saman og kynnast samfélaginu með heimsóknum í fyrirtæki og stofnanir annan hvern fund. Við erum duglegir að sækja samkomur hjá öðrum klúbbum og reynum að lifa og starfa eftir máltaekinu “maður er manns gaman”.

Við höfum ávallt styrkt Alþjóða hjálpar-sjóðinn og “Sjóðinn góða” í Árnassýslu ásamt því að styðja við starfssemi Heilsugæslunnar í Laugarási, Grunnskóla Bláskógabyggðar og Leikskólans Álfaborgar og hlúum gjarnan að góðum verkefnum í nærsamfélaginu.

Við leggjum land undir fót bæði vor og haust og eru þá farnar dagsferðir, annars vegar með mökum og hinsvegar makalausar, mjög skemmtilegar ferðir, hvor á sinn hátt.

Myndir sem fylgja eru m.a. frá ferð okkar í Ölfusið í haust, þar sem Einar Gíslason sveitungi okkar, búsettur í Ölfusinu tók á móti okkur og leiddi hópinn um Ölfus og Þorlákshöfn. Hinsvegar buðum við Dynksmönnum með okkur að skoða glæsilega hótélbyggingu á Geysi, þar sem systkynin, Mábil og Sigurður tóku á móti okkur með konunglegri veislu og sýndu okkur metnaðarfulla uppbyggingu á 77 herbergja glæsihótelu ásamt stórum veislusölum.



Heimsókn vara umdæmisstjóra og inntaka nýs félaga. Sveinn formaður ásamt Erni meðmælenda, Sigurði Jónssyni nýjum félaga og Geirþrúði vara umdæmisstjóra.



Hluti Dynks- og Geysismanna virða fyrir sér framkvæmdir við hótelið. Formaður.



Upphaf ferðar í Ölfusið. Einar fararstjóri, Sveinn formaður og Gunnar formaður ferðanefndar.



Hákon, Svavar, Þorsteinn og Bjarni á hestabúgarðinum Grænhóli í Ölfusi.



Í vatnsverkssmiðunni Icelandic Glacial.



Einari Sig. þakkaðar góðar móttökur í Þorlákshöfn.

Lionsklúbburinn Geysir sendir Lionsmönnum um land allt hugheilar jóla og nýárskveðjur með þakklæti fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum.

F.h. Lkl. Geysid
Sveinn A. Sæland



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.



Lionsklúbburinn Eden styrkir vináttuverkefni leikskólanna í Hveragerði

Lionsklúbburinn Eden í Hveragerði gaf leikskólunum hér í bæ bangsa það er 120 stykki sem er hluti af nýju vináttuverkefni leikskólanna. Verkefnið á að stuðla að aukinni vináttu og koma í veg fyrir einelti. Á haustdögum fengum við Stella Hrönn Jóhannsdóttir formaður að fylgjast með skemmtilegri athöfn á leikskólanum Óskalandi, þegar Blær bangsi bættist í barnahópinn sem nýr vinur. Blær kemur frá Afríku og er falletgur fjólublár bangsi en hann á líka marga litli vini sem eru alveg eins og hann og fengu öll börnin á Óskalandi lítinn Blæ í gjöf frá Lionsklúbbum Eden. Blær ætlar að kenna krökkunum skemmtileg lög um vináttu, hvernig við komum fram við vini okkar og margt fleira sem við kemur vináttu og falletgri hegðun. Börnin á Undralandi standa í flutningum í nýtt og glæsilegt húsnæði þessa dagana, en börnin á Undralandi fá líka bangsa í gjöf frá klúbbum.

Nánar um þetta falletga verkefni er inná síðunni Barnaheill <http://www.barnaheill.is/vinata/>

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Edens
Thelma Rós Kristinsdóttir



Gerum fundina áhugaverðari og skemmtilegri!

Jón Gröndal

GMT stjóri hreyfingarinnar



Stjórn klúbbsins þarf að leggja sig fram um að hafa áhugaverða dagskrá og vera opin fyrir allskonar hugmyndum.

Til dæmis má nefna:

- Segja frá sjálfum sér - starf, áhugamál, ferðalög o.s.frv.
- Leiðbeiningar um garðvinnu, bílaviðgerðir, innréttingar, o.fl.

- Heimsóknir á vinnustaði félaganna.
- Umræður um það sem er efst á baugi hverju sinni.
- Fá embættismenn hreyfingarinnar í heim-sókn og fréttu af því hvað þeir eru að gera.

Stemningin á fundunum - hvað getum við gert?

Hvað með að kveikja á kertum, punta með fánum, fánaborg eða blómum? Makafundir? Brandarabanka-stjóri? Sönghefti? Ferðalag eða skemmtun með fjölskyldunni? Meiri samvera með mökum

Stuðningur við meðmælandann

Notið vel nýliðaumslagið. Hátiðleg inntökuathöfn. Félaganefnd og meðmælandinn fræði nýja félagann vel um Lionshreyfinguna fyrir inntöku.

Betri fræðsla fyrir alla félaga

Klúbbfundir um Lionsmálefni. Námstefnur fyrir félagana. Upplýsingar um árangur verkefna á heima-slóðum og á landsvísu.

Þátttaka í öðru Lionsstarfi

Heimsóknir í aðra klúbba, svæði, umdæmi.

Samvera

- Á klúbbfundum ætti alltaf að gefast tími til óformlegrar samveru.
- Að minnsta kosti ein árleg skemmtisamkoma.
- Óformleg samvera í tengslum við verkefni og nefndafundi.
- Að starfa saman, t.d. í samvinnu við fjölskylduna.

Umhyggja fyrir félögum

Það er mikilvægt að félögum sé vel sinnt, á þeim byggist starf okkar og hreyfingin í heild.

Munum því eftir afmælisdögum, viðburðum í fjölskyldum þeirra, veikindum, erfiðleikum o.s.frv.

Rétt er að leggja áherslu á, að félagarnir þurfa að vita, að þeir verða að tilkynna, ef þeir geta ekki mætt á fundi eða í verkefni.



Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar kominn í jólasþap

Hjá okkur félögum í Lkl. Hafnarfjarðar hefur starfið það sem af er vetri verið með blómlegum hætti og mæting fyrna góð eða eins og ritarinn okkar sagði á síðasta fundi að meðaltals mætingu vera 91%. Gestir hafa verið á hverjum fundi þar sem fjallað hefur verið um ýmis fróðleg og fræðandi efni. Klúbburinn hefur verið að styrkja hin ýmsu málefni og má þar nefna að Mæðrastyrksnefnd voru færðar 40 innkaupakort í Fjarðakaupum, ásamt þeirra þátttöku og Krísuvíkursamtökin fengu veglegan styrk. Við fórum svo nokkrir félagar í heimsókn til Björgunarsveitar Hafnarfjarðar og eins og fyrri daginn komum við færandi hendi og færðu sveitinni myndarlega fjárhæð að gjöf. Lions klúbburinn hefur um margra ára skeið stutt Björgunarsveitina fjárhagslega og hefur hin seinni ár einbeitt sér í að styrkja þjálfun leitarhunda sveitarinnar. Björgunarsveit Hafnarfjarðar er eina björgunarsveit landsins sem heldur leitarhund, það er hún Perla. Perla hefur unnið mörg frábær afrek þó ekki sé hún gömul, aðeins 7 ára. Hún hefur verið í eigu sveitarinnar frá því hún var þriggja ára gömul, þegar hún var keypt frá Bandaríkjunum. Nú hefur sveitin fest kaup á nýjum leitarhundi henni Urta, sem er aðeins rúmlega árs gömul og kemur frá Ungverjalandi. Báðar eru þær blóðhundur, en blóðhundur eru mikið notaðir til leitar í Bandaríkjunum og Þýskalandi, bæði af björgunarsveitum og lögreglu. Þórir Sigurhansson, sem þjálfar þær stóllur segir Perlu frábæran leitarhund og Urta sé mjög efnileg. Hún er enn í grunnþjálfun og verður fyrst hægt að reyna hana til leitar seint á árinu 2018. Mikill tími og fjármunir fara í þjálfun leitarhunda og á Björgunarsveit Hafnarfjarðar miklar þakkir skyldar frá þjóðinni fyrir dugnað sinn í þeim efnum, sem og öðrum störfum sínum.

Senn fer jólahátíðin að ganga í garð með öllu sínu tilstandi og skemmtilegheitum. Minningarnar frá unga aldri af jólahaldi í sveitinni eru enn í fersku minni þegar angan af hangikjötinu lagði um baðstofuna. Jólareð sem tálgað var úr „tré“ stóð á miðju gólfi með kertunum sínum tólf og búið var að gera allt



Fulltrúar frá Mæðrastyrksnefnd taka við styrk úr hendi Guðjóns formans.



Magnús Jónsson gjaldkeri, Gísli Johnsen formaður Björgunarsveitar Hafnarfjarðar, Guðjón P. Þorvaldsson formaður og Magnús Baldursson ritari, við afhendingu á veglegum styrk.



Frá fundi í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar 9. nóvember.



Urta og Þórir Sigurhansson þjálfari.



Lionsfélagar með Urta og Þórir þjálfara. Gunnar, Magnús, Birgir, Magnús B. Jón Rúnar, Gísli Þór, Urta, Þórir, Hrafn Freysson (Framtíðar lionsfélagi) Guðjón Þórir, Geir Hauks, Kristinn og Ingoar Viktors.

hreint og sandskúra gólf. Biðin var ansi löng hjá okkur krökkunum eftir að stofuklukkan slægi sex og hátíð gengi í garð og að fyrstu þakkar yrðu opnaðir sem oftast en ekki voru í kerti eða spil. Já, jólin eru önnur í dag en samt þau sömu, hátíð í bæ, góður matur á borðum og gjafir við ilmandi Normansþin.

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar óskar öllum

gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á nýju ári.

Friðgeir H. Guðmundsson
Blaðafulltrúi LKH.



Lionsklúbburinn Týr

Gjöf

Jónas Ágústsson félagi í Lionsklúbbum Týr hjá Eltak færði Lionsskrifstofunni vikt að gjöf. Þessi gjöf er vel þegin og mun koma sér vel á skrifstofunni.



Ljósmyndir úr náttúrunni



Allir áhugasamir ljósmyndarar hafa sem fyrr tækifæri á að senda fallega náttúrulífsmynd í Ljósmyndakeppni Lions. Myndefni leynast úti um allt land.

Lions-ljósmyndarar

Lionshreyfingin á Íslandi á marga fjölhæfa einstaklinga í sínum röðum, þar á meðal afburða ljósmyndara. Lionsfélagar eru hvattir til að sýna hvað í þeim býr og taka þátt í alþjóðlegu ljósmyndasamkeppni Lions, sem við munum nú í áttunda sinn taka þátt í. Í öll hin skiptin höfum við verið sigursæl - komist í alþjóðalega Lionsalmanakið.

Það eru mörg ljósmyndataækifæri framundan í vetur og margt er til í pokahorninu frá öðrum árstíðum. Við hvetjum alla til að drífa í þessu fljótlega, tíminn flýgur og klúbbar þurfa að ákveða strax eftir jól, hvaða mynd þeir senda, en fresturinn rennur út 1. febrúar 2018.

Umhverfisvernd Lions

Árið 1972 samþykkti alþjóðastjórn Lions stefnuyfirlýsingu í umhverfismálum. Þar segir m.a.: *“Lionshreyfingin er ein þessara alþjóðastofnana sem ættu að leggja fram krafta sína til að bæta og vernda umhverfið til hagsbóta fyrir alla menn og afkomendur þeirra.”*

Keppnisreglur

Markmiðið með keppninni er að minna á umhverfisverkefni Lions og sýna feegurð náttúrunnar. Dómnefndir beina sjónum sínum að frumleika, listrænu gildi og myndrænu gildi viðfangsefnisins. Myndirnar skulu vera frummyndir án fólks, óbreyttar, í svart/hvítu eða lit, framkallaðar á pappír (útprentaðar) í stærðinni **20,3 x 25,4 cm, og koma úr eftirtöldum flokkum:**

1. Dýralíf
2. Plöntulíf
3. Landslag úr borg eða náttúru
4. Veðrabrigði

Sérstakt þema þessa árs er:

Lions pride in our environment. Staðir og augnablik í okkar umhverfi sem við erum stolt af. Sérstök áhersla á verkefni Lions

Hvert á að senda?

Lionsklúbbur sendir sína mynd á Lions-skrifstofuna Hlíðarsmára 14, 201 Kópavogi fyrir **1. febrúar 2018** í umslagi merkt: **Náttúruljósmyndir Lions;** merkið umslagið einnig með **umdæmi klúbbsins, A eða B.** Í **lokuðu umslagi** með myndinni er nafn klúbbsins og ljósmyndara ásamt síma og netfangi. Myndin á að vera **útprentuð**, að stærðinni: 8"x10" eða **20,3 x 25,4 cm.** Dómnefnd velur bestu mynd í hverjum flokki og þar af eina mynd til að senda út í alþjóðlegu samkeppnina.

Íslenskar vinningsmyndir

Íslenskum sigurvegum (vinningsmyndum) verða veittar viðurkenningar á þinginu í vor í öllum fimm flokkunum. Þær verða birtar í Lionsblaðinu, á vefsíðu Lions og sýndar á þinginu í vor. Við reynum að koma myndunum á framfæri við fjölmiðla til að vekja athygli á fjölhæfum Lionsfélögum og spennandi tækifærum í Lions. Þetta allt styrkir ímynd Lions og kynnir umhverfisverkefni okkar í leiðinni.

Alþjóðlegar vinningsmyndir

Dómnefnd velur bestu myndirnar og setur í Lionsalmanakið, sem selt er til styrktar LCIF. **Allar** myndirnar verða **sýndar á alþjóðþinginu** og geta þingfulltrúar greitt atkvæði þeirri mynd sem þeir telja besta. Sigurvegarar í hverjum flokki fá viðurkenningu og verða myndirnar birtar á vefsíðu LCI.

Smáa letrið: Lionsljósmyndarar bera sjálfir kostnað við myndtökur og framköllun. Vinningsmyndir verða eign LCI. LCI áskilur sér rétt til að hafna myndum sem uppfylla ekki kröfur eða teljast óviðeignandi.

*Halldór Runólfsson, Umhverfisstjóri
MD109 halldor.runolfsson@gmail.com*

Mætingarmerkin

Munið þið eftir 100% mætingarmerkjunum

Við þurfum að efla metnað klúbbsfélaga á því að mæta á fundi með því auka notkun 100% mætingarmerkja aftur. Mörgum eldri félögum þótti metnaður að fá svona merki ný á hverju ári. Til þess að eiga rétt á þessu merki þurftir þú með nokkrum undantekningum að mæta á alla fundi klúbbsins. Eina afsökunin eru veikindi. Vinna og ferðalög telja ekki. Þú getur bætt þér mætingu með því a) að sækja fund í öðrum klúbbi hér eða erlendis og b) með því að taka þátt í öðrum viðburðum klúbbsins



og verkefnum. Fráfarandi ritari tekur mætinguna saman og lætur nýjan formann hafa nafn eða nöfn. Nýr formaður kaupir merkin á skrifstofunni. Ég þekki Lionsfélaga sem eiga annars vegar 30 og hins vegar 35 ára samfellda mætingu í merkjunum. Merkin eru falleg og ný á hverju ári. Hér með þessu pistli gefur að líta nokkur eldri merki úr safni skrifstofunnar.

Jón Gröndal GMT stjóri

Björgum börnum frá mislingum

Öflugt starf hjá Lionsklúbbi Grundarfjarðar

Félagar í Lionsklúbbi Grundarfjarðar eru orðnir 45, þetta starfsárið stýra þrjár konur starfinu. Formaður er Hólmfríður Hildimundardóttir, ritari Erna Sigurðardóttir og gjaldkeri Rósa Guðmundsdóttir. Fundir klúbbsins eru haldnir alla jafna 4. miðvikudag í mánuði í Fákaseli sem er félagsheimili hestamanna í Grundarfirði og eru það matarfundir. Önnur verkefni koma svo í stað 2. fundar í mánuðinum.

Þetta starfsárið var komið að okkar klúbbi að útvega svæðisstjóra á svæði 3 sem er Snæfellsnesið. Það er Salbjörg Nóadóttir sem tók að sér að gegna þessu hlutverki og hefur hún þegar haldið sinn fyrsta svæðisfund. Þann 25. október kom varaumdæmisstjóri, Sigfríð Andradóttir, í heimsókn og afhenti hún þar tveimur félögum viðurkenningar fyrir starfsaldur í Lionshreyfingunni, þeim Ágústi Jónssyni 10 ár og Kristjáni Guðmundssyni 30 ár.

Verkefni vetrarins eru hefðbundin. Þann 17. nóvember fór fram blóðsykursmæling í húsnæði Kjörbúðarinnar í samvinnu við HVE (Heilbrigðisstofnun Vesturlands). Voru það 172 sem mættu í mælinguna sem fram fór frá kl.14-18 sem er frábær þátttaka. Almenn ánægja

er með þennan þátt í starfi Lions. Í október færði Lionsklúbburinn í samvinnu við Kvenfélagið Gleym mér ei, félagsmiðstöðinni Eden fullkominn sjónvarpsskjá til afnota í félagsstarfi sínu. Í byrjun aðventu sjá Lionsmenn um að fella og setja upp jólatré í miðbænum en tréð hefur verið sótt í samvinnu við Skógræktarfélag Eyrarsveitar undanfarin ár í Fellaskóg sem er ofan við byggðina í Grundarfirði. Kveikt verður á jólatrénu fyrsta sunnudag í aðventu. Framundan er síðan "Jólamarkaður Lions" þar sem seld eru lifandi jólatré ásamt ýmsu góðgæti en fer salan fram í Sögumiðstöðinni. Við upphaf nýs árs er síðan komið að árlegum nýársfagnaði klúbbsins. Þá er ferð á Alþjóðþing Lions í undirbúningi en Kristinn Hannesson kom og hélt kynningarfund með áhugasömum Lionsfélögum í október og er hugur í mörgum félögum að komast til að fagna þegar Guðrún verður kjörin Alþjóðaf-orseti.

Gunnar Kristjánsson blaðafulltrúi.



Sjúkraflutningsmennirnir f.v. Tómas og Marínó voru fagmannlegir í blóðtökunni.



Fulltrúar kvenfélags og Lions með glöðum viðtakendum.



Sigfríð Andradóttir varaumdæmisstjóri ásamt Kristjáni og Ágústi.



Minning + Hanna Carla Proppé



Hanna Carla Proppé fæddist í Reykjavík 5. ágúst 1938 en hún lést á hjúkrunarheimilinu Grund í Reykjavík 23. september 2017. Hún giftist 3. febrúar 1961 Geir Konráð Björnssyni f. 01.06. 1935 – d 08.03. 2014. Hanna Carla var stofnfélagi Lionsklúbbsins Öglu áður Lionessklúbbs. Hún var einstaklega góður og virkur félagi, hún var formaður 1993 – 1994 og gekk í öll störf og verkefni sem við tókum okkur

fyrir hendur. Henni var veitt Melvin Jones orðan fyrir störf sín. Hanna Carla var glæsileg kona, röggösöm, hjálpsöm og gestrisin og var hrókur alls fagnaðar. Hennar verður sárt saknað. Lionsklúbburinn Agla sendir fjölskyldu hennar innilegustu samúdarkveðjur

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Öglu Vala Lee Jóhannsdóttir formaður

Sviðamessa Lionsklúbbs Grindavíkur

Laugardaginn 4. nóvember hélt Lionsklúbbur Grindavíkur Lsína árlegu Sviðamessu í Gjánni í Grindavík, en Sviðamessan er ein af föstum fjáröflunarleiðum klúbbsins. Var messan heldur seinni á ferð en venjulega þar sem alþingiskosningar voru haldnar á hinni „hefðbundnu“ helgi. Breyting varð varðandi þátttakendur í messunni þar sem nú var í fyrsta skipti gefin kostur á að bæði kynin gætu mætt, allt í anda jafnréttis og bræðralags. Tæplega hundrað manns mættu og var gerður góður rómur að bæði mat og uppákomum, en messunni stýrði Jón Gauti Dagbjartsson af sinni alkunnu röggsemi. Ræðumaður kvöldsins var Örvar Þór Kristjánsson sem var orðheppinn að venju og tónlistin var í höndunum á Grímseyjabræðrunum Lárusi og Garðari með dyggum stuðningi Tómasar Guðmundssonar stórsöngvara. Við Grindvíkingar njótum þessa að á þessum Sviðamessum eru alltaf fulltrúar frá vinarklúbbi okkar Geysir í Biskupstungum, en sjö þeirra félaga sóttu okkur heim þetta kvöld. Alltaf er ánægjulegt þegar vel tekst til og héldu allir heim að messu lokinni, sælir með ánægjulegt kvöld sem á eftir að skila sér í stuðningi við samfélagið.



Hausar útbúnir



Sviðin sviðin.



Sviðaveisla 2017.



Blóðsykursmæling 17. nóvember.

Blóðsykursmæling í Grindavík

Eins og á hverju ári stóð klúbburinn fyrir blóðsykursmælingu í versluninni Nettó í Grindavík föstudaginn 17. nóvember s.l. Tókst dagurinn í alla staði vel, fjöldi félaga ásamt starfsmönnum frá heilsugæslunni á Suðurnesjum kom að framkvæmdinni og voru 181 einstaklingar mældir. Komu flestir vel út úr mælingunni, en tveimur var bent á að leita til læknis. Er þetta ekki í fyrsta skipti sem blóðsykursmæling verður til að bæta heilsu einstaklinga enda er þetta framtak hreyfingarinnar mjög þarft og til fyrirmyndar.

Starfið

Starf klúbbsins er hefðbundið með tveimur fundum í mánuði. Á félagsfundum þann 21. nóvember s.l. heimsótti Ellert Eggertsson umdæmisstjóri 109 A klúbbinn og fór yfir starfsemi hreyfingarinnar. Hittist þar skemmtilega á

að um hattafund var að ræða, en á hattafundi mættu allir með höfuðfat. Er þetta gert að tilhlutan Helga Einarssonar siðameistara, en refsing við að mæta ekki með hatt var vinarkoss á vang klúbbfélag á hægri hönd. Engin refsing kom upp á þessum fundi því allir mættu með sitt höfuðfat nema umdæmisstjóri, en af virðingu við hann var hann undanþegin refsingarákvaði. Næsta fjáröflun verður á vegum klúbbsins á aðfangadag, en þá hjálpa klúbbfélagar jólasveinum að þeysast um bæinn þar sem þeir færa Grindvískum börnum glaðning í tilefni jólanna.

Með Lionskæðjum frá Grindavík.



Minning + Ingibjörg G. Guðmundsdóttir



Okkur langar að minnst góðs félaga Ingibjargar G. Guðmundsdóttir, sem var fædd á Siglufirði 4. sept. 1933, og lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 27. okt. s.l. Ingibjörg ólst upp á Akranesi og gekk þar í skóla, flutti svo til Þorlákshafnar sem þá var að byggjast upp, og voru þau hjón ein af frumbyggjum þessa nýja byggðarlags. Ingibjörg flutti á Selfoss eftir að hún missti mann sinn, og bjó þar í mörg ár en fluttist aftur til Þorlákshafnar fyrir nokkrum árum. Hún var ein af stofnendum Lionsklúbbsins Emblu og var trygg og trú lionskona og minnumst við hennar með mikilli hlýju. Hún

var formaður klúbbsins og gegndi fleiri ábyrgðarstöðum í klúbbnum. Ingibjörg var skemmtilegur félagi og átti auðvelt með að segja skemmtilegar sögur og brandara og átti mikið safn af slíku í fórum sínum og við útför hennar var lesin góður brandari úr möppunni góðu. Hún gaf líka klúbbnum sínum Emblusöng sem vinnufélagi hennar samdi við lagið „Óðurinn til gleðinnar“ eftir Beethoven og byrja allir fundir hjá okkur á að syngja þetta lag, sem er skemmtilegur siður og Ingibjörg átti heidurinn af því, en henni þótti ákaflega vænt um klúbbinn sinn. Við vottum börnum Ingibjargar, og fjölskyldum þeirra innilegustu samúð.

Blessuð sé minning Ingibjargar G. Guðmundsdóttur.

Fyrir hönd Lkl. Emblu, Guðrún Guðnadóttir

Fréttir frá Lklúbbnum Fjörgyn



Nú er hafið 27. starfsárið hjá okkur í Lkl. Fjörgyn og að venju hófst það með því að stjórn klúbbsins bauð félögum og mökum þeirra til grillveislu þann 24. ágúst þar sem þeir sáu um að matreiða ofan í gestina og var boðið upp á dýrindis hamborgara og pylsur með tilheyrandi meðlæti. Líkt og undanfarin ár þá fundum við annan og fjórða fimmtudag í mánuði og er fyrri fundurinn gjarnan tengdur vinnuverkefnum eða skemmtifundur þar sem við förum í heimsóknir eða gerum okkur eitthvað til skemmtunar.

Í október mánuði heimsóttum við orku-dreifingar fyrirtækið Landsnet og fræddumst þar um starfsemi þess og hvernig orkuflutningi er stýrt um landið.

Þann 9. nóvember s.l. héldum við okkar árlegu stórtónleika í Grafarvogskirkju í fimmtánda sinn en þeir eru til styrkta Barna og unglingageðdeild LHS. Að vanda var boðið upp á glæsilega dagskrá með einvala liði tónlistarfólks og í ár var nýtt atrið þar sem Ari Eldjárn kom fram og skemmti fólki eins og honum einum er lagið. Í öll þessi ár hafa flytjendur gefið alla sína vinnu og stöndum við í mikilli þakkarskuld við alla þá flytjendur sem hafa hjálpað okkur í þessi 15 ár en það er einmitt þetta sem gerir okkur kleift að halda tónleikana. Í öll árin hafa vinkonur okkar í Lkl. Fold séð um sölu á veitingum til tónleikagesta.

Þann 18. nóvember buðu Lionsklúbbarnir Fold og Fjörgyn upp á blóðsykurmælingar í Húsgagnahöllinni við Bíldshöfða 20 og voru 711 einstaklingar mældir eða 452 konur og 259



karlar, alls voru 52 einstaklingar sem mældust með gildi 8,0 og yfir en hæsta gildið var 16,6. Það má segja að þetta sé gott innlegg í þarft verkefni.

Nú fyrir jólin mun Lkl. Fjörgyn gefa matarpakka til skjólstæðinga Grafarvogskirkju í samvinnu við kirkjuna og innihalda pakkarnir efni í góða jólamáltíð og Lkl. Fold gefur gómsætar smákökur í matarpakkana.

Kæru Lionsfélagar við félagarnir í Lkl. Fjörgyn sendum ykkur og fjölskyldum ykkar innilegar jólakveðjur með óskir um gæfuríkt komandi ár.

Meðfylgjandi myndir frá tónleikum: Ljósmyndari er Sigrún Björk Einarsdóttir, <http://www.studiomynd.is>

Fh. Lkl. Fjörgyn
Guðmundur Helgi Gunnarsson
Formaður 2017 - 2018





Lionsklúbburinn Embla



Sjúkrabörur afhentar Björgunarfélagi Árborgar sl. sumar.



Í Emblulundi okkar sl. sumar þegar búið var að gróðursetja tré fyrir fráfarandi formann Unni Jónsdóttur, árlegur viðburður hjá okkur.



Farið með finnska stúlku sem kom til okkar á vegum unglingskipta Lions, í reiðtúr í sumar á Arnarstöðum í Hraungerðisheppi.



Ný stjórn á fyrsta fundi, haldinn í Hestakránni á Skeiðum og með okkur á myndinni er langferðabílstjórinn okkar hann Gunnar Jónsson.



Farið í Leikhússkoðun hjá Leikfél. Selfoss, og fremstar sitja Helga, Unnur, Jóhanna Kristín og María.



Sigríður ritari með dóttur sinni Guðfinnu leikara og leikstjóra með meir.



Frá Konukvöldi sem haldið var í nóv. María formaður og Þóra Grétarsdóttir, veislustjóri kvöldsins.



Nokkrar flottar Emblur sýndu falleg fót frá versluninni Lindinni hér á Selfossi, sem er í eigu Kristínar Hafsteinsdóttur.



Aðalnúmer kvöldsins var hin óviðjafnanlegi Páll Óskar og allt ætlaði af göflunum að ganga þegar hann birtist. Stórkostlegt kvöld hjá okkur.

Að þessu sinni sendum við nokkrar myndir frá starfinu okkar undanfarnar vikur, það hefur verið nóg að snúast bæði að hafa gaman saman og ekki síst að afla fjár til góðra málefna. Starfið framundan leggst vel í okkur og margt spennandi á dagskrá á komandi ári.

Sendum öllum nær og fjær bestu óskir um gleðilega jólahátíð, og farsældar á nýju ár og það verði okkur öllum gæfuríkt og gott.

Með bestu kveðjum frá okkur Emblu konum á Selfossi

Guðrún Guðnadóttir, blaðaftr. Lionsklúbbsins Emblu

Hvað eru Lionismi og Lionsandi

- Þegar félagar eru starfsamir og sýna verkefnum klúbbsins áhuga.
- Þegar þeir skynja þá hlýju og samkennd sem fæst með því að starfa í félagi við vini og kunningja að mannúðarmálum.
- Þeir mynda þá sterku einingu sem vinnur heilshugar að betra samfélagi og betri heimi.
- Félagarnir upplifa sannan Lionisma / Lionsanda.
- Framtíð klúbbsins er í höndum hvers félaga.





Leiðtogaskóli Lions 2018 – Fyrir þig!

Viltu vera þátttakandi í merkilegu gangverki?

„Nauðsynlegt er fyrir alla að virkja leiðtogann í sér. Leiðtogar eru ekki endilega stjórnendur, en leiðtogar spyrja spurninga og taka engu sem gefnum hlut.“

Lee Warren kennari við Harvard háskólann í Bandaríkjunum



Leiðtogaskóli Lions 2018

Tími: 17.-18. febrúar og 17.-18. mars 2018

Tvær helgar = 4 dagar, alls 32 klst.

Heimavinna (hópvinna) milli helga.

Staður: Höfuðborgarsvæðið

Verð: Þáttökugjald er 35.000 krónur.

Innfalið er kennsla, námsgögn og fæði.

Skólinn er styrktur af ýmsum styrktaraðilum.

Umsóknarfrestur til 2. febrúar 2018

Umsóknum svarað 6. febrúar 2018

Þátttakendur: Allir Lionsfélagar geta sótt um, bæði ungir og óreyndir félagar sem og reyndir stjórnendur klúbba og hreyfingarinnar. [Námskeiðið hentar sérstaklega vel viðtakandi klúbbsjórnur](#). Hámarksföldi er 30 manns.

Marmið: Markmiðið er að þjálfra leiðtoga, byggja upp félagana og styrkja klúbbstarfið.

Efni: Kennt er íslenskað efni sem Lions Clubs International hefur útbúið í leiðtogabjálfun (Leadership Development) fyrir Leiðtogaskólana (Regional Leadership Institute). Námsefni og kennsla er á íslensku. M.a. verður kennt: Stjórnunarstílar, leiðtogahæfileikar. Fjölbreytileikinn og sköpunarkrafturinn. Samskiptahæfileikar, virk hlustun. Að virkja og hvetja. Hóparstarf, samvinna, að byggja upp teymi. Frumkvæði og virkni. Markmiðasetning og áætlanagerð. Að taka ákvarðanir og deila út verkefnum. Að leysa vandamál og stjórna deilum. Stjórnun breytinga. Fundarstjórn. Ræðumennska. LCIF og bakland Lions. Upplýsingatækni Lions.

Nánari upplýsingar og skráning á Lionsskrifstofunni, sími 561 3122, netfang lions@lions.is, eða hjá Halldóri Kristjánssyni GLT stjóra, sími: 520 9000, netfang: halldor@tv.is

Ertu stjórnandi gærdagsins?

**Viltu ná árangri? ... vera í fararbroddi í samfélaginu?
Gerðu eitthvað í málunum – vertu öflugt tannhjól í gangverkinu.**

Lionsklúbburinn Eik, Garðabæ



Formannsskipti, Anna Nilsdóttir lætur af embætti, Laufey Jóhannsdóttir tekur við.



Gunnar Einarsson, bæjarstjóri talar á fundi með Lkl. Eik og Seylu.



Eikarkonur á 100 ára afmælishátíð Lions á svæði 6.



Skógræktarferð í júní.



Smalaholt 1990 og 2017 Melar og móar breytast í skóg.



Kvikmyndatökumenn frá Lions International í Smalaholti.



Leikarar stilla sér upp.



Leikkonur framtíðarimmar.



Glatt á hjalla.



Kvikmyndastjórnur slappa af í Smalaholti.



Adalkvikmyndastjarnan Guðrún Björt á fullu!

Starfið í Lkl. Eik er viðburðarríkt og skemmtilegt og alltaf eitthvað nýtt á dagskrá. Í síðasta bréfi fór ég vel yfir helstu verkefni klúbbsins, þau eru alltaf á sínum stað og þeim sinnt. Þess vegna fer ég kannski ekki mörgum orðum um þau núna og stikla bara á stóru, en frá nógu er að segja um fjölbreytta atburði frá áramótum.

Lionsklúbburinn Seyla á

Álftanesi kom í ánægjulega heimsókn í febrúar og heiðursgestur fundarins var Gunnar Einarsson, bæjarstjóri. Góugleði Lionskvemma á Höfuðborgarsvæðinu var að venju 8. mars í Haukahúsinu í Hafnarfirði. Klúbbarnir á svæði 6 héldu sameiginlega upp á 100 ára afmæli Lionshreyfingarinnar, þar sem ýmsir staðir innan svæðisins voru heimsóttir, vel heppnaður

dagur. Að venju sá klúbburinn um vímuvannarhlaup í 5. bekk í grunnskólum bæjarins og fór það vel fram, eins og alltaf áður. Og stjórnarskipti voru svo á maí fundi, þar sem Laufey Jóhannsdóttir tók við formennsku af Önnu Nilsdóttur. Þar með lauk starfsárinu 2016 -2017, en starfið hélt áfram af sama krafti.

Að venju fórum við í skóg-

ræktarlundinn okkar í Smalaholti í júní og áttum þar einstaklega skemmtilegan dag. Og í ágúst áttum við erindi þangað aftur og þá helst með alla fjölskylduna, en þar var kvikmyndateymi mætt á vegum Lions International til að taka upp hluta kynningarmyndar um Guðrúnu Björt Yngvadóttur, okkar verðandi alþjóðaforseta, þar sem hún er að gróðursetja með



Garðbæingurinn Guðni Th. Jóhannesson sæmdur Melvín Jones viðurkemningu á Lionsþingi 2017.



Eikarkonur á Lionsþingi 2017.



Eikarkonur með alþjóðaforsætahjónunum og verðandi alþjóðaforseta.



Listafínt smurbrauðsborð veitinganefndar á fyrsta fundi vetrarins.



Sameiginlegur fundur Eikar og Kaldár í Golfskálanum í Garðabæ í október.



sínum heimaklúbbi. Það þarf nú varla að taka það fram, að það var stuð og stemming! Það sést best á skiltinu, sem sett var niður 1990, að melur hefur breyst í skóg á 27 árum, skemmtileg landkynning. Á fyrsta fundi vetrarins í

september bauð veitinganefndin upp á smurbrauðskvöld undir stjórn nýjasta félagsins, Svanhildar Árnadóttur, sýndar voru myndir frá liðnum árum og Laufey las ferðasögu frá Glasgowerfðinni 1999. Í október héldu Lions-

klúbbarnir Eik og Kaldá sameiginlegan fund í Golfskálanum í Garðabæ. Og eins og oft áður var fínt happdrætti, það var sungið og spjallað. Vel heppnaður fundur. Nokkrar konur mættu í móttöku fyrir alþjóðaforseta Lions. Þar var

félagi okkar og stolt Guðrún Björt Yngvadóttir í stóru hlutverki að sjálfsgöðu.

Sigurveig Sveinsdóttir



Minning + Árni Kjartansson



Félagi okkar Árni Kjartansson, fæddur 26. nóvember 1922 lést 28. september sl.

Árni gerðist stofnfélagi Lionsklúbbsins Freys 29. febrúar 1968. Stofnfélagarnir voru flestir meðal brautryðjenda í útiivist og ferðamennsku og naut Árni sín vel á þeim vettvangi. Hann var mjög öflugur félagi klúbbsins, var gjaldkeri hans 1983-1984 og var í ferðanefnd og merkinganefnd. Klúbburinn hefur sett upp um 800 merki við helstu ár landsins, örnefni og leiðir, sérstaklega á hálendinu. Árni var Melvín Jones félagi.

Hann var þrautreyndur íþróttamaður og annálaður ferðamaður. Á yngri árum stundaði hann hlaup og handbolta hjá Ármanni og Val, Hann gerðist einn brautryðjendanna í Jósepsdal þegar Skíðadeild Ármanns byggði skíðaskála sinn þar og síðar byggði hann með

félögum sínum skálann Himnaríki efst í Bláfjöllunum. Í kjölfar björgunar áhafnar Geysis árið 1950 var Flugbjörgunarsveitin stofnuð og einnig Jöklarannsóknarfélagið. 1951 tók Árni þátt í björgun skíðavélarinnar á Bárðarbungu og eftir það átti Vatnajökull hug hans allan. 1953 fékk hann þá hugmynd að kanna nýja leið á Vatnajökul vestanverðan. Var ekið um Hófsvað á Tungnaá og um Veidivötn að jökulröndinni þar sem nú standa Jökulheimar og var ferð þessi upphaf árlegra ferða Jöklarannsóknarfélagsins á Vatnajökul.

Árni kynntist Huldu Filippusdóttur á fundi Fjallamanna, þau giftu sig 1956 og fóru í 3ja vikna brúðkaupsferð á Vatnajökul. Hulda og fjölskylda þeirra tók mjög mikinn þátt í öllum störfum Árna. Sameiginlegt áhugamál þeirra var einnig garðrækt og dýrmætur er verðlaunagardur þeirra í Selásnum.

Við félagar hans í Frey söknum göðs vinar og vottum fjölskyldu hans samúð okkar.

f.h. Lionsklúbbsins Freys
Jón R. Sigurjónsson

Lionsárið gert upp

Við mælum tíma eftir stjórnunum, tengjum þannig himininn við gjörðir okkar. Sem lionsfélgar komum við með okkar eigið dagatal þar sem lionsárið hefst í byrjun júlí. Að jöfnu var starfsárið 2016-2017 fullt af þjónustu og mörgum góðum afrekum. Þetta var mjög gott starfsár!

Nýjar hæðir í félagatali

Á þessu starfsári hafa lionsfélagar aldrei verið fleiri eða 1,445,591 félagar. Það þýðir í raun að við höfum fleiri hendur til góðra verka og við erum sterkari en nokkru sinni fyrr. Góðmennskan skiptir máli fyrir samfélögin og allan heiminn. „Hver lionsfélagi sem er tilbúinn að þjóna getur þjónað 70 manneskjum hver,“ hélt Bob Corlew alþjóðaforseti okkar 2016-2017 fram á 100. þingi hreyfingarinnar. „Það þýðir að 70 manneskur verða ekki svangar í dag, 70 börn munu fá ókeypis augnrannsókn í skólanum, 70 manneskur munu fá sjón aftur vegna aðgerðar frá lionsfélögum.“ Þetta er það sem Lionshreyfingin getur gert.

Nýr þjónusturammi - þreföld áhrif

Við erum riddarar hinna blindu. Það er arfleifð okkar. En við erum líka svo miklu meira. Lions beinir athyglinni að hungri í heiminum, umhverfisvernd, krabbameini í börnum og síðast en ekki síst að nýjasta verkefninu, sykursýki. Þjónusturamminn tengir saman Lionsklúbba um heim allan sem vinna að mannúðarmálum með það að markmiði að bæta líf 200 milljón manns á ári fyrir árið 2020-2021. Þetta er hin nýja arfleifð okkar sem við erum að móta.



Nýtt aðkallandi verkefni Lions er að stemma stigu við hungri í heiminum.

Lions tekst á við sykursýki

Sykursýki snertir líf 420 milljóna manna og um fimm milljónir deyja af völdum hennar á ári hverju. Þess vegna hafa Lionsklúbbar um allan heim tekið höndum saman til þess að takast á við þennan nýja faraldur. Lions vinnur að því að koma í veg fyrir áunna sykursýki með því að tala fyrir bættum lífsstíl, aukinni fræðslu, meiri aðstoð við sjúka auk þess að styrkja rannsóknir sem geta breytt lífi fólks. Sykursýki var kynnt sem nýtt alþjóðlegt þjónustuverkefni Lions á alþjóðþinginu í júlí sl. í Chicago.



Börnin í Lionsbúðunum í Merrick í Maryland læra að hafa stjórn á sykursýki sinni.

Fögnum aldarafmæli okkar

Áfangar skipta máli. Lionshreyfingin fagnaði 100 ára afmæli á þessu ári og minnti þar með samfélögin og heiminn á hversu miklu máli hreyfingin skiptir. Við héldum veislur þar sem við nutum samveru við hvert annað og fögnuðum því fyrir hvað við stöndum. Þetta var tækifæri til að líta á það sem við höfum náð fram. Eins að horfa fram á veginn og byrja nýtt árhundrað í þjónustu.



Aldarafmæli fagnað

Hvatningarorð alþjóðaforsetanna

Nýtt ár boðar nýja forystu, nýjar hugmyndir og endurnýjaða sýn á Lionsstarfið. Corlew, alþjóðaforseti 2016-2017 hvatti okkur til þess að klífa ný fjöll (New Mountains to Climb), en Naresh Aggarwal alþjóðaforseti 2017-2018 kys að leggja lið og hvetur Lionsfélöga um heim allan að nýta kraftinn sem í okkur býr.

(Power of We). Namaste.



Corlew alþjóðaforseti 2016-2017 t.v. og Aggarwal, núverandi alþjóðaforseti, til þjónustu reiðubúnir.

Framkvæmdateymi

Alþjóðasamtökin vinna nú að því að efla stuðningsnet samtakanna við Lionsklúbba. Hið nýja framkvæmdateymi (GAT) er sett saman af áhugasömum Lionsfélögum með mikla reynslu. Hlutverk teymisins er að styðja við klúbba varðandi leiðtogaþróun klúbba, félagamál og verkefni. Teymið samanstendur af leiðtogaþeymi (GLT), félagateymi (GMT) og verkefnateymi (GST). Klúbbarnar eru settir í miðju teymisstarfsins.

Framkvæmdateymið leggur til nýjar leiðir í verkefnavinnu klúbba.




Markmið framkvæmdateymisins er að efla verkefnavinnu klúbba, eins og til dæmis hefur gerst hjá Lkl. Slater-Marietta í Suður Karólínu.

MyLion og Lion á vefnum

Framtíðin skall á okkur eins og þruma úr heiðskýru lofti (í jákvæðri merkingu) á þessu ári. MyLion er fyrsta flokks farsíma app sem gerir Lionsstarfið skemmtilegra og léttara. Við sem sinnum Lionsblaðinu erum kannski hlutdræg en við teljum að appið fyrir Lionsblaðið sé frábær leið til að lesa bestu sögurnar um vel heppnað hjálparstarf um allan heim.

Melvin Jones yrði stoltur.



Lionsfélagar geta nú skoðað Lionsveröldina með aðeins einum smelli.

Góðmennska skiptir máli

Góðmennska skiptir máli, miklu máli, „Það eru þrjú atriði sem skipta mestu máli í lífinu“ sagði rithöfundurinn Henry James. „Það er í fyrsta lagi að vera góður við aðra. Í öðru lagi að vera góður við aðra. Í þriðja lagi að vera góður við aðra.“

Sögurnar sem við segjum af verkefnum sem breytt hafa lífi fólks til frambúðar eru margar og eiga vel heima í „Góðmennska skiptir máli“ áttakinu.

Átakið segir frá raunverulegum þjónustuverkefnum um allan heim, verkefnum sem sýna hvað við getum áorkað þegar við leggjum okkur saman.

Kynningar birtast á flugvöllum, almennings-samgöngutækjum og netmiðlum. Kynningar sem sýna ótrúlega flott verkefni Lionsklúbba um allan heim.



„Góðmennska skipti máli“ á alþjóðapinginu í Chicago.

Einn milljarður dollara í skiptum.

Stórar tölur geta ruglað ímyndunaraflíð okkar talsvert. Einn milljarður. Ef þú telur frá einum upp í einn milljarð myndi það taka þig 95 ár. Fyrir einum milljarði sekúndna var árið 1959. Fyrir milljarði klukkustunda síðan lifðu forfeður okkar á steinöld. Á þessu starfsári veitti alþjóðahjálparsjóður einn af sínum fjölmörgu styrkjum. Einn þeirra var í sjálfum sér ósköp venjulegur styrkur en markaði þó risastórt skref í sögu sjóðsins. Með þessum styrk skreið sjóðurinn yfir einn milljarð dollara frá því sjóðurinn var stofnaður árið 1968.

Getið þið ímyndað ykkur hversu margar milljónir manneskja hefur séð líf sitt taka stökkbreytingum til hins betra. Hversu mörgum lífum barna hefur verið bjargað. Fjöldinn er yfirþyrmandi og það er krafturinn í Lionsfélögum og alþjóðahjálparsjóðurinn líka.



Einn milljarður í styrki frá alþjóðahjálparsjóðnum hefur kallað fram bros milljóna manna eins og þessarar móður í Louisiana og 7 ára dóttir hennar sem er með skerta sjón sem fengið hefur „stækkunargler“ til að bæta möguleika sína.

Þýðing: Edda Briem, Kristinn Hannesson og Porkell Cýrsson



Alþjóðasamstarf Lions á Íslandi

Lions á Íslandi tekur þátt í alþjóðasamstarfi og er það tvenns konar. Í fyrsta lagi þátttaka og greiðslur til alþjóða hjálparsjóðsins LCIF, sem tekur þátt í hjálparstarfi víðsvegar um heim. Í öðru lagi tekur Lions á Íslandi þátt í ýmsum verkefnum með hinum Norðurlöndunum í samstarfi Norðurlandsþjóðanna NSR. Þessi verkefni geta verið með ýmsu móti. Tvö verkefni núna styðja við flóttabörn frá Sýrlandi. Annað verkefnið sem er uppbygging skóla fyrir sýrlensk börn í Líbanon og er undir forystu Norðmanna. Verkefnið heitir „De glemte flyktningbarna“ eða gleymdu flóttabörnin. Norðmenn vinna að þessu verkefni af miklum krafti og hafa auk þess fengið framlag úr verkefnasjóði NSR, sem Lions á Íslandi greiðir í. Hitt verkefnið er á vegum Svía og heitir einnig „De Glömda Barnen“. Það verkefni styður við fjöldi flóttamanna frá Sýrlandi í Tyrklandi. Ástandið er jafnvel verra í Tyrklandi á veturna vegna kulda. Verkefnið eru áþekkt og styðja byggingu öruggra búða og skóla fyrir börn. Þriðja verkefnið sem NSR vinnur að er undir forystu Finna. Grunnur þess er að í löndunum sunnan Sahara er mikill skortur á eldivið. Hugmyndin er að byggja upp framleiðslu á sólareldavélum sem sparar notkun eldsneytis til eldunar og sparar konum margra tíma göngu eftir eldiviði. Verkefnið er ekki aðeins tæknilegs eðlis heldur einnig félagslegs eðlis. Breyta þarf háttum fólks við eldamenskuna en venjulega sat fólk við eldinn á kvöldin og eldaði. Við þessa



nýju tækni er maturinn settur yfir um miðjan dag, meðan sólin er á lofti og setið er við minni elda á kvöldin.

NSR er mikilvægur gluggi fyrir okkur út í heiminn. Við í samstarfi frænda okkar á Norðurlöndum fáum tækifæri til að taka þátt í yfirstjórn Lions í heiminum og munum enda með að eiga alþjóðaforseta Lions á næsta ári. Auk þess er NSR vettvangur til að skiptast á reynslu við það Lionsfólk sem er líkast okkur.



Umhverfiskorn

Ljósmyndasamkeppni Lionshreyfingarinnar



Á gætu Lionsfélagar Vakin er athygli á auglýsingu í þessu blaði um Ljósmyndasamkeppni Lionshreyfingarinnar 2017 – 2018. Aðalviðfangsefnið er sem fyrr að taka ljósmyndir í náttúrunni. Íslensk náttúra er einhver sú fegursta í heiminum og því eigum við góða möguleika að ná langt í þessari alþjóðlegu samkeppni, jafnvel að koma íslenskrri mynd á hið Alþjóðlega Lions – Almanak 2019. Myndir sem fylgja þessari grein eru vinningsmyndir frá samkeppninni 2013-2014 til að gefa ykkur hugmyndir um hvernig myndirnar gætu verið.

Umhverfismál hafa verið mjög áberandi í umræðunni síðustu áratugi, en það er athyglisvert að þegar árið 1972 samþykkti Alþjóðastjórn Lions stefnuýfirlýsingu í umhverfismálum. Þar segir m.a.:


“Lionshreyfingin er ein þessara alþjóðastofnana sem ættu að leggja fram krafta sína til að bæta og vernda umhverfið til hagsbóta fyrir alla menn og afkomendur þeirra.”

Það er Umhverfisnefnd Lions á Íslandi sem stendur fyrir þessari samkeppni hér á landi, en í henni eiga sæti auk undirritaðs, umhverfisfulltrúarnir Helgi Guðmundsson í Lionsklúbbnum Geysi fyrir 109A og Jón Heiðar Daðason í Lionsklúbbnum Hæng fyrir 109B.

Við hvetjum alla Lionsmenn á Íslandi til að taka þátt í þessari samkeppni og þegar úrslit liggja fyrir þá munum við koma þeim á framfæri við fjölmiðla og vekja þannig athygli á fjölbæfum Lionsfélögum og spennandi tækifærum í Lionshreyfingunni.

Koma svo.

Halldór Runólfsson, Umhverfisstjóri MD 109.



Kjaransorðan

Við viljum vekja athygli ykkar kærú lionsfélagar á Kjaransorðunni. Kjaransorðan er æðsta viðurkenning Lionshreyfingarinnar á Íslandi. Lionsklúbbar geta sótt um Kjaransorðu til að heiðra fyrir vel unnin störf í þágu hreyfingarinnar. Lög um Kjaransorðuna má finna á lions.is (<http://www.lions.is/is/moya/news/nokkur-ord-um-vidurkenningu-og-kjaransorduna>), en geta skal þess að fyrir Kjaransorðu eru greiddar kr. 60.000 sem má greiða úr líknar-/verkefnasjóði klúbbsins og rennur þessi greiðsla óskipt til Íslenska hjálparsjóðs Lions.

Frestur til að sækja um Kjaransorðu er til 30. desember n.k.

Umsóknir frá klúbbum óskast sendar til:

Kristínar Þorfinnsdóttur vidreisn@internet.is

Jóns Pálmasonar jp@verkis.is

Guðmundur H. Gunnarsson g.helgi@simnet.is

